



Reykjavík 22. júní 2018

Skýrsla Hönnunarmiðstöðvar 2017

Efnisyfirlit 2017

- Rekstur Hönnunarmiðstöðvar 2017
- Starfsemi Hönnunarmiðstöðvar 2017
- Verkefni ársins 2017
 - HönnunarMars 2017
 - HA 2017
 - Hönnunarverðlaun 2017
 - Hönnunarsjóður 2017
 - Hönnunarstefna 2015–2018
 - SmallTalks 2017
 - Önnur verkefni 2017
 - Alþjóðleg verkefni 2017
- Fjármál 2017
- Verkefnaáætlun 2018

Rekstur Hönnunarmiðstöðvar 2017

Hönnunarmiðstöð Íslands er með rekstrar- og þjónustusamning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Meginmarkmiðin með samningnum eru að

- Styrkja íslenska hönnun og arkitektúr sem listgreinar og grundvöll þeirra til atvinnusköpunar
- Vekja áhuga og auka skilning á mikilvægi hönnunar og arkitektúrs fyrir þjóðfélagið
- Kynna íslenska hönnun og arkitektúr hér á landi og erlendis
- Auka vægi hönnunar og arkitektúrs hjá stjórnvöldum og fyrirtækjum til að auka virði og gæði þeirrar vöru og þjónustu sem framleidd er í landinu og leiða þannig til bættrar samkeppnisstöðu Íslands.

Til þess að ná markmiðum samningsins mun Hönnunarmiðstöð standa fyrir eftirfarandi starfsemi:

- Fylgja markmiðum hönnunarstefnu 2014–2018 í starfsemi sinni.

- Standa fyrir kynningu á íslenskri hönnun og byggingarlist hér á landi og erlendis, m.a. með upplýsingaveitu á vefsíðu á íslensku og ensku, kynningarfundum, ráðstefnum, sýningarhaldi, námskeiðum, útgáfustarfsemi og hvers kyns upplýsingamiðlun.
 - Örva og styðja samstarf milli hönnuða og arkitekta og framleiðenda og framkvæmdaaðila, m.a með verkefnum sem tengja saman fagmenntaða hönnuði og atvinnulíf þar sem hönnun verður hagnútt við vöruþróun, nýsköpun og ímyndaruppbyggingu innan fyrirtækja.
 - Efla samstarf hönnuða við menntastofnanir á sviði hönnunar og byggingarlistar.
 - Stuðla að samstarfi við erlendar hönnunarmiðstöðvar.
- Rekstrarsamningar hafa verið gerðir á þriggja ára fresti. Samningur um rekstur miðstöðvarinnar gildir út árið 2017 og hljóðar upp á 30 m. kr. á ári. Þar af er framlag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis 20 m. kr. en framlag mennta- og menningarmálaráðuneytis 10 m. kr.

Stjórn

Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. er stjórnað af fulltrúum hluthafa hönnunarfélaganna níu. Aðalfundur félagsins og opinns ársfundur var haldinn 17. maí 2017 í húsi Hönnunarmiðstöðvar í Aðalstræti 2. Litlar breytingar urðu á stjórn en Svava Þorleifsdóttir kom inn fyrir félag landslagsarkitekta FÍLA og tók við af Írisi Reynisdóttur.

Eigendur Hönnunarmiðstöðvar Íslands og fulltrúar þeirra í stjórn frá aðalfundi 17. maí 2017:

Arkitektafélag Íslands, Kristján Örn Kristjánsson
 Fatahönnunarfélag Íslands, Laufey Jónsdóttir
 Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, Dóra Hansen
 Félag íslenskra gullsmiða, Arna Arnardóttir
 Félag íslenskra landslagsarkitekta, Svava Þorleifsdóttir
 Félag íslenskra teiknara, Hörður Lárusson
 Félag vöru- og iðnhönnuða, Brynhildur Pálsdóttir
 Leirlistafélag Íslands, Ólöf Erla Bjarnadóttir
 Textílfélagið, Bryndís Bolladóttir

Fjármál

Velta Hönnunarmiðstöðvar 2017 var 115 milljónir sem er aukning um 20 milljónir. Aukningin skýrist fyrst og fremst af flutningum í nýtt húsnæði í Aðalstræti 2 en þeim fylgdu umsvif sem hafa að hluta reynst erfið. Þrátt fyrir 4 milljóna króna hagnað árið 2016 var miklu aðhaldi beitt, almennar launhækkanir og verðlagsþróun hafði neikvæð áhrif á reksturinn um mitt ár og grípa þurfti til niðurskurðar og uppsagna þegar leið á árið. Umfang verkefna, svo sem HönnunarMars og HA, eykst en tekjur haldast ekki í hendur við þá aukningu.

Starfsmannamál

Árið 2017 störfuðu að jafnaði fimm starfsmenn í Hönnunarmiðstöð; Halla Helgadóttir gráfískur hönnuður, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar, Ólöf Rut Stefánsdóttir, vöruhönnuður, verkefnastjóri og vef- og kynningarstjóri, Sara Jónsdóttir, stjórnandi HönnunarMars og Hönnunarverðlauna, Arnar Fells Gunnarsson, gráfískur hönnuður og ritstjóri HA – tímarits um hönnun og arkitektúr, og Arnar Ingi Viðarsson, gráfískur hönnuður. Auk þess hóf Gunnar Gunnsteinsson störf sem skrifstofustjóri í hálfu starfi 15. október.

Húsnæðismál

Sumarið 2016 samdi Hönnunarmiðstöð við Reykjavíkurborg um húsnæði í Aðalstræti. Miðstöðin flutti þangað inn í byrjun ágúst við mikinn fögnuð hönnuða og arkitekta og starfsmanna miðstöðvarinnar. Samningurinn gengur út á að efla ímynd skapandi miðborgar og styrkja stöðu hönnunar í hjarta borgarinnar með Hönnunarmiðstöð í Aðalstræti 2.

Hlutverk Hönnunarmiðstöðvar í Aðalstræti 2 samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg er að:

- reka upplýsinga- og kynningarmiðstöð hönnunar og arkitektúrs sem opin er gestum og gangandi.
- reka vefi á íslensku og ensku með upplýsingum um hönnunarverðslanir og „design destinations“.
- sjá til þess að vönduð verðslun með íslenska hönnun verði rekin á jarðhæðinni.
- standa fyrir viðburðum og uppákomum í opna rúminu á bak við verðslunarrýmið.
- halda móttökur, námskeið, kynningar og viðburði á pallinum og í opna rúminu.
- reka verkefni HönnunarMars / Hönnunarverðlaun / Hönnunarsjóð / HA – tímarit í húsinu.
- gera samninga við aðila um minni sýningar og kynningar sem geta farið fram í húsinu.
- tryggja að í húsinu sé lífleg og áhugaverð starfsemi til gagns og gleði fyrir fólk á ferli í bænum.

Húsnæðið hefur reynst meiri áskorun en ætlað var, þótt ágætlega hafi gengið að leigja í Aðalstræti. Treglega gengur að fá leyfi fyrir og samstarf um nauðsynlegar framkvæmdir og breytingar eru tímafrekar. Húsnæðið var að hluta slitið og illa farið, t.d. þurfti að mála allt á neðstu hæðinni. Það er áskorun að nýta yfirbyggða „torgið“ á milli húsanna sem er erfitt viðureignar og kostnaðarsamt vagna „dauðra“ fermetra sem illmögulegt er að leigja út. Torgið er orðið sjúskað og þarfnast endurnýjunar enda vanrækt. Sérstaklega er mikið sjónrænt lýti af mjög svo sérkennilegri lausn á lokun opna rúmisins inni á torginu sem Matarkjallarin hefur til afnota. Í lok árs náðust samningar við Reykjavíkurborg um að fella niður hluta af leigu ársins 2017 sem forðaði Hönnunarmiðstöð frá því að skila rekstri með verulegu tapi. Samræður um breytingar og/eða lagfæringar á þessu hafa staðið yfir í langan tíma en þær ganga mjög hægt.

Akkúrat

Í byrjun júlí opnaði Akkúrat, ný hönnunarverðslun, í húsakynnum Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Aðalstræti 2. Verðslunin er staðsett á jarðhæðinni. Akkúrat selur sérvaldar hönnunarvörur frá Íslandi og öðrum norrænum þjóðum. Einnig verður hægt að finna þar örfáar spennandi hönnunarvörur frá alþjóðasamfélaginu. Akkúrat starfar með hönnuðum og listafólki við að búa til lifandi rými þar sem viðburðir og sýningar eiga heima. Akkúrat vill veita innblástur og styðja íslenska hönnun. Eigendur Akkúrat eru Sigrún Guðný Markúsdóttir og Döðlur ehf.

YPSILON,

Um miðjan júlí opnaði YPSILON, ný hönnunarverðslun, á 2. hæð Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Aðalstræti 2. Verðslunin er rekin af fimm hönnuðum og einum myndlistarmanni en á bak við hana standa merkin And Anti Matter, USEE Studio, Kolbrún og Tanja Levúj.

Starfsemi Hönnunarmiðstöðvar 2017

Kynningarstarf

Samskipti við fjölmiðla

Starfsfólk Hönnunarmiðstöðvar á í reglulegum samskiptum við alla helstu fjölmiðla á Íslandi varðandi verkefni hönnuða og miðstöðvarinnar. Fjölmiðlar fylgjast með heimasíðum og samfélagsmiðlum Hönnunarmiðstöðvar. Starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar ýta einnig undir umfjöllun um einstaka hönnuði

og verkefni þeirra og vinna markvisst starf við að kynna viðburði og verkefni á þessu sviði með fréttatilkynningum, umfjöllun á vef og samfélagmiðlum. Mælingar Creditinfo benda til þess að umfjöllun um hönnun í íslenskum fjölmiðlum haldist stöðug. Á árinu 2017 var fjallað um Hönnunarmiðstöð í 234 fréttum og miðstöðin er þannig í 237 sæti yfir mældu lögaðila.

Hönnunarmiðstöð er í sambandi við erlenda fréttamiðla á sviði hönnunar og leitast við að miðla fréttum um það helsta sem er að gerast á sviðinu hér á landi allt árið.

Kynningarstarf erlendis

Kynningarstarf erlendis eykst með auknu samstarfi og tengslum. Íslensk hönnun er mun betur þekkt og nýtur meiri virðingar erlendis nú en fyrir nokkrum árum. Hönnunarmiðstöð er í samskiptum við fjölda aðila á ári hverju varðandi samstarf, sýningar og verkefni á sviði hönnunar og arkitektúr. Undanfarin ár hefur fjöldi kynninga/erinda verið haldinn fyrir faghópa erlendis um uppbyggingu á sviði hönnunar í Reykjavík og á Íslandi með áherslu á HönnunarMars. Árið 2017 voru haldnar kynningar í Stokkhólmi, og viðburðir Hönnunarmiðstöðvar erlendis á árinu var þátttaka í húsgagnamessumni í Stokkhólmi, hönnunarvikunni í Stokkhólmi, fundur á Word Design Week Network í Milanó í apríl, kynning á HönnunarMars á Wanted Design í New York í maí, þátttaka í hönnunarvikunni í Helsinki í september, kynning á HönnunarMars á IDS í Vancouver í september og heimsókn til hollensku hönnunarvikunnar í Eindhoven í Hollandi.

Kynningarstarf hérlendis

Á hverju ári er haldinn fjöldi kynninga um íslenska hönnun, arkitektúr og Hönnunarmiðstöðina sjálfa fyrir ýmsa hópa. Ýmist er tekið á móti aðilum eða þeir heimsóttir, s.s. námsmenn, skólahópar í hönnun, fræðimenn, fólk úr stjórnslu, frá fyrirtækjum og svo mætti lengi telja. Langstærsti kynningarviðburður Hönnunarmiðstöðvar er HönnunarMars sem leikur lykilhlutverk í kynningu á íslenskri hönnun hérlendis. Hönnunarverðlaun Íslands í október er vaxandi viðburður sem dregur fram það sem best er gert á sviði hönnunar og arkitektúrs. Útgáfa HA - tímarits um hönnun og arkitektúr, fyrirlestraröðin SmallTalks, fundirnir Hönnuðir hittast og ýmsir aðrir viðburðir vega líka þungt.

Þjónusta við hönnuði

Starfsmenn Hönnunarmiðstöðvar svara fyrirspurnum frá hönnuðum um ýmis hagsmunamál, útflutning, framleiðslu, markaðssetningu, erlendar sýningar, samstarfsaðila, styrki og fleira. Einnig leggja þeir sig fram um að leysa úr, tengja saman og ráðleggja um fjölbreytileg úrlausnarefni sem geta komið upp. Fjöldmörgum fyrirspurnum og erindum er sinnt í hverri viku, í heimsóknum, símleiðis og í gegnum tölvupósta. Unnið er að því að styrkja og efla þessa þjónustu í samstarfi við félög hönnuða og arkitekta. Enn er bent á að stjórnvöld gætu hagrætt með því að færa þjónustu sem aðrar stofnanir reyna að veita á þessu sviði til miðstöðvarinnar, enda er hún best til þess fallin að sinna slíkri ráðgjöf.

Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir

Fyrirtæki og stofnanir leita til Hönnunarmiðstöðvar með ýmsar fyrirspurnir sem varða samstarf við hönnuði, áherslur á þessu sviði og uppbyggingu. Miðstöðin hefur milligöngu og veitir ráðgjöf um samstarf við hönnuði á ýmsum sviðum.

Samstarf við stuðningsumhverfið og stjórnslu

Hönnunarmiðstöð á í miklu samstarfi við stuðningsumhverfi og stjórnslu enda er mjög mikilvægt að fulltrúar hönnuða og arkitekta séu leiðandi í þeim málum sem varða þeirra fag. Einnig er mikilvægt að samræma aðgerðir, einfalda ferla og tengja rétta aðila saman. Með því að færa verkefni á sérsviði

Hönnunarmiðstöðvar yfir til hennar mætti auka skilvirkni, einfalda ferla og nýta tíma og fjármagn mun betur en gert er í dag, sbr. áherslur í Hönnunarstefnu Íslands.

Hönnunarmiðstöð vinnur með Íslandsstofu og starfsmenn hennar leita iðulega til miðstöðvarinnar um ráðgjöf á sviði hönnunar, auk ráðgjafar og samstarfs vegna fleiri mála. Hönnunarmiðstöð getur veitt Íslandsstofu ýmsa þjónustu en auk almennrar ráðgjafar mætti nefna ráðgjöf vegna hönnunarsýninga erlendis. Fagráð skapandi greina var stofnað hjá Íslandsstofu haustið 2010 en framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands sinnir þar formennsku.

Hönnunarmiðstöð vinnur með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Hún á einnig í góðu og vaxandi samstarfi við Samtök iðnaðarins. Samstarf við íslensk sendiráð erlendis fer vaxandi en starfsmenn þeirra leita ráðgjafar hjá Hönnunarmiðstöð í auknum mæli. Efla má samstarf við Nýsköpunarmiðstöð en hún mætti fela Hönnunarmiðstöð í ríkari mæli umsjón mála sem varða faghóp hönnuða og arkitekta.

Erlendir blaðamenn og gestir

Erlendir blaðamenn og gestir leita til Hönnunarmiðstöðvar. Margir þeirra koma í tengslum við HönnunarMars, aðrir hafa samband beint og einhverjir koma fyrir milligöngu ýmissa þjónustuaðila eða einstaklinga. Hönnunarmiðstöð veitir þessu fólki ráðgjöf og þjónustu, tengir það við hönnuði og aðstoðar við efnis- og myndaöflun. Fjöldi gesta, listrænna stjórnenda og fagmanna alls staðar að úr heiminum leitar til okkar beint eða rafrænt og bókar fundi. Einnig rambur góður hópur einfaldlega inn í miðstöðina. Eftirfarandi er listi yfir hluta þeirra fjölmiðla sem Hönnunarmiðstöð var í sambandi við á árinu 2017; Dwell, Elle Decoration, Helsingin Sanomat, AXIS, Oak Journal, Design Alive, Vosges Paris, Summit, DesignMilk, Fiera, Inhabitat, Dezeen, Monocle, Apres Garde, Architectural Review, Damn, Frame, Associated Press, Costume og Modern Design Review.

Vefsíður Hönnunarmiðstöðvar á íslensku og ensku

Hönnunarmiðstöð heldur úti heimasíðu á íslensku og ensku með fréttum og kynningum. Á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar er virk fréttaveita sem segir frá því helsta sem er að gerast á íslenskum hönnunarvettvangi. Fréttabréf á íslensku eru send út vikulega og fréttabréf á ensku einu sinni í mánuði. Staðið hefur til síðustu 2–3 ár að endurgera vefi Hönnunarmiðstöðvar, einfalda þá og laga en staðið hefur á fjármagni og getu starfsmanna til að sinna svo stóru og flóknu verkefni svo vel sé samhlíða miklum vexti í öðrum verkefnum.

[HA-mag.is](#)

Með tilkomu HA tímaritsins og vefsíðunnar HA-mag, þar sem efni úr blaðinu er birt, hefur verið dregið úr áherslu á blogg Hönnunarmiðstöðvar.

[HönnunarMars | \[honnunarmars.is\]\(#\) og \[designmarch.is\]\(#\)](#)

Stöðugt er unnið að endurbótum á vefsíðu HönnunarMars á íslensku og ensku svo síðan þjóni verkefninu sem best.

[Póstlistar og fréttabréf](#)

Áskrifendur fá reglulega sendar fréttir og upplýsingar um ýmsa viðburði. Fréttabréf er sent út nokkrum sinnum í mánuði á íslensku og einu sinni í mánuði á ensku en auk þess eru sendar út fréttatilkynningar um ýmsa viðburði og málefni þegar það á við.

Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar eru mikið nýttir en Hönnunarmiðstöð heldur úti nokkrum Facebook-síðum: Hönnunarmiðstöð er með 7.000 fylgjendur, HönnunarMars er með 5.500 fylgjendur, HA með 2000 fylgjendur; samtals eru það 14.500 fylgjendur. Árið 2017 fylgdust 10.800 með okkur á Instagram.

Myndstef

Hönnunarmiðstöð er aðili að Myndstefi og á þar fulltrúa í stjórn, Laufeyju Jónsdóttur sem situr í stjórn Hönnunarmiðstöðvar fyrir Fatahönnunarfélagið. Aðild að Myndstefi veitir öllum félögum aðildarfélaganna níu aðgang að þjónustu og höfundarréttarvernd Myndstefs. Þjónusta Myndstefs er mikilvæg fyrir stóran hóp hönnuða þar sem fremur lítil þekking er á rétti hönnuða innan hópsins og hjá þeim sem eiga viðskipti við hönnuði. Alltaf reynir á þennan rétt.

Starfslaun hönnuða 2017

Hönnunarmiðstöð tilnefnir fulltrúa í valnefnd hönnunarlauna. Árið 2017 voru fulltrúarnir Kristján Örn Kristjánsson arkitekt, Júlía P. Andersen innanhússarkitekt og Katrín María Káradóttir, fatahönnuður. Í launasjóði hönnuða eru 50 mánuðir til úthlutunar. Alls bárust 51 umsókn (61 umsækjandi) um 464 mánuði.

Eftirtaldir fengu úthlutað úr launasjóði hönnuða á árinu 2017: 6 mánuðir: Aníta Hirlekar / 5 mánuðir: Brynhildur Pálsdóttir / 4 mánuðir: Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir, Kristín Arna Sigurðardóttir / 3 mánuðir: Anna María Bogadóttir, Brynjar Sigurðarson, Elísabet Karlsdóttir, Gunnar Þór Vilhjálmsson, Hanna Jónsdóttir, Hildigunnur Sverrisdóttir, Kristín Sigfríður Garðarsdóttir, Sigrún Halla Unnarsdóttir, Úlfur Kolka / 2 mánuðir: Eva Signý Berger, Helga Dögg Ólafsdóttir.

Mælingar

Brýnt er að Hagstofa Íslands hefji markvissar hagsmælingar á skapandi greinum og þar með hönnun og arkitektúr. Mikilvægt er að hönnunargeirinn og stjórnvöld fái skýra mynd af stöðu, umfangi og vexti greinarinnar. Nefnd á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis sem stofnuð var árið 2013 átti m.a. að taka á þessum málum.

HönnunarMars 2017

HönnunarMars var haldinn í níunda sinn dagana 23.–26. mars 2017. HönnunarMars er stærsta kynningarafli íslenskrar hönnunar hér á landi og erlendis. Frá upphafi hefur dagskrá hátíðarinnar byggst á víðtækri þátttöku íslenskra hönnuða, sem standa fyrir sýningum, innsetningum og viðburðum einir síns liðs eða í hópum. Á hátíðinni sameinast allar greinar hönnunar; fatahönnun, arkitektúr, húsgagna- og innanhússhönnun, grafísk hönnun og vöruhönnun. HönnunarMars er hátíð þar sem almenningur hefur greiðan aðgang að íslenskri hönnun, fjölmiðlar finna áhugavert efni, hagsmunaaðilar sjá ástæðu til að kynna sér málið nánar og hönnuðir svala forvitni og fræðast.

Í ár var lögð mikil áhersla á að auka gæði dagskrár og þetta og fækka sýningarstöðum, meðal annars til að auðvelda aðgengi og kynningar. Þetta þótti takast vel. Sýningar voru fleiri en í fyrra og heldur dró úr fjölda sýningarstaða. Aldrei hafa fleiri metnaðarfullar sýningar verið undir listrænni stjórn. Listasafn Reykjavíkur, Reykjavíkurborg og fleiri aðilar tóku þátt með stórum sýningum sem stýrt var af listrænum stjórnendum, m.a. á Kjarvalsstöðum, í Ráðhúsi Reykjavíkur, Norræna húsinu og Safnahúsinu. Það er ánægjulegt að stofnanir og söfn hafa aukið frumkvæði að sýningum og eru farin að sjá hag sinn í þátttöku á HönnunarMars. Unnið var að því að ýta undir fleiri stórar samsýningar, eins og sýningu í Lækningaminjasafni, Hafnarhúsi og Landsímahúsi.

DesignTalks

DesignTalks-ráðstefnan á HönnunarMars markar upphaf hátíðarinnar ár hvert. Framúrskarandi hönnuðir og hugsuðir af alþjóðavettvangi tóku til máls á DesignTalks 2017 sem fram fór fyrir fullu húsi áhorfenda í Silfurbergi Hörpu. DesignTalks er ætlað að veita hönnuðum, arkitektum og áhrifafólki í viðskiptum, stjórnámálum og fræðasamfélagi innblástur til samstarfs og framfara. Dagurinn bar yfirskriftina Brut Nature, þar sem ljósi var varpað á stöðu mannsins í nútímanum en óvissa, ógn, tækni og hraði knýr okkur til að skoða samband okkar við náttúruna og hvert annað. Fyrirlesarar veltu upp spurningunni: Getur hönnun bjargað mannum og jörðinni um leið?

Fyrirlesarar: Paul Bennett, Chief Creative Officer hjá IDEO, hönnunarfyrirtæki sem hvetur hönnunarsamfélagið til að takast á við verkefni sem kunna að gagnast samfélaginu öllu. Alexander Taylor, breskur iðnhönnuður, frumkvöðull og ráðgjafi í nýsköpun fyrir Adidas. Christien Meindertsma vöruhönnuður vekur okkur til umhugsunar um áhrif iðnbyltingarinnar á þróun framleiðsluhátta. Ersin Han Ersin listrænn stjórnandi hjá Marshmallow Laser Feast sem er stúdíó sem nýtir tækni til að endurskilgreina mannlega skynjun, líkt og í þrívíddarverkinu ITEOTA. Michèle Degen, nýútskrifaður hönnuður frá Design Academy Eindhoven sem beitir hönnun sinni til að vekja fólk til umhugsunar um samfélagslegar venjur, norm og staðalímyndir. Studio Folder, Elisa Pasqual, arkitekt og Marco Ferrari, grafískur hönnuður, leggja áherslu á myndbirtingu hugmynda og hugtaka í gegnum fjölbreytt verkefni. Innlend innslög í dagskránni: Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður, Ólöf Erla Bjarnadóttir keramikhönnuður og Snæbjörn Guðmundsson jarðfræðingur fjölluðu um samstarfsverkefnið Leitir að íslensku postulíni. Anna María Bogadóttir arkitekt sagði frá sýningunni Virðisaukandi arkitektúr sem unnin var fyrir samtök arkitektastofa, SAMARK. Einnig kom Rakel Óttarsdóttir, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs Arion banka, fram og talaði um samfélagslega ábyrgð og endurskilgreiningu og -hönnun þjónustu bankageirans í kjölfar hrunsins.

Listræn stjórn og dagskrárgerð er í höndum Hlínar Helgu Guðlaugsdóttur, hönnuðar og ráðgjafa í Design Thinking hjá Capacent. Paul Bennett hjá IDEO leiddi daginn í samstarfi við Hlín Helgu. Aðrir sem komu fram voru Kristján Þór Júlíusson menntamálaráðherra, Marco Steinberg arkitekt og sérfræðingur í nýsköpun innan hins opinbera geira, sem hélt satíruinnslag um aðkomu arkitekta og hönnuða að landamæravegnum sem Bandaríkjaforseti hyggst reisa, og Steiney Skúladóttir og Blær sem stóðu fyrir uppistandi með tónlistarlegu ívafi og gerðu óspart grín að hönnuðum og hönnunarsamfélaginu við fögnuð áhorfenda.

DesignMatch

Viðburðurinn er styrktur af Arion banka og hýstur í höfuðstöðvum bankans í Borgartúni. Hann fór fram á föstudeginum á HönnunarMars og þar er boðið var upp á fundaraðstöðu fyrir þátttakendur í stefnumótinu.

Kaupendur 2017: Normann Copenhagen, Kähler, Wanted Design, Lokal, Menu, NORR 11.

DesignDiplomacy

Í fyrsta sinn á HönnunarMars 2017 gafst gestum hátíðarinnar kostur á að fylgjast með og taka þátt í milliríkjasamskiptum á sviði hönnunar. Verkefnið var stofnað, þróað og kynnt af hönnunarvirkunni í Helsinki 2016 en Design Diplomacy er röð opinna funda hönnuða sem haldnir eru í sendiherrabústöðum og sendiráðum. Listileg flétta óformlegra samræðna hönnuða í virðulegu diplómátísku umhverfi býður upp á nýja vinkla og alþjóðleg tengsl jafnt fyrir sendiráðin hönnuðina og áhorfendur. Sendiráð og hönnuðir sem tóku þátt voru: Bandaríkin, arkitektarnir Sean Vance og Anna María Bogadóttir í Finnland,

Laura Väinölä og Siggí Odds grafískir hönnuðir | Svíþjóð, Jesper Kouthoofd frumkvöðull og Sigga Heimis iðnhönnuður | Frakkland, vöruhönnuðirnir Inga Sempé og Sigríður Sigurjónsdóttir.

Innlend umfjöllun

Fjölmiðlar sýna HönnunarMars aukinn áhuga með hverju árinu sem líður. Sérstaklega var gaman að sjá aukinn áhuga fjölmiðla á DesignTalks en Kastljós, DV, The Reykjavík Grapevine, Rás 1 og Morgunblaðið voru með umfjöllun um ráðstefnudaginn DesignTalks og fyrirlesarana sem komu til landsins í tilefni af honum.

Erlend umfjöllun

21 erlendur blaðamaður kom á HönnunarMars 2017 í samstarfi við Íslandsstofu og Iceland Naturally auk 9 blaðamanna sem komu á eigin vegum. Samtals komu því 30 erlendir blaðamenn á hátíðina 2017. Meðal þeirra voru fulltrúar frá tímaritum, dagblöðum, samfélagsmiðlum, hlaðvarpi og öðrum fréttamiðlum.

Blaðamenn frá eftirfarandi miðlum komu á HönnunarMars 2017: Frame, Gestalten, Newsweek international, Wallpaper, SUITCASE, DWELL, Home & Decor magazine in Singapore, Summit, Elle Germany, DEZEEN, Core 77, Form magazine, i-D, Amuse, Wanted Design, Design Week Mexicos blog, Vogue, Arch Digest (US), Annaleenashem, More than Design, Monitor Magazine, AIGA's Eye, SURFACE Magazine, DesignWanted, Couch Magazine og Interior Design USA

HA – tímarit um hönnun og arkitektúr 2017

HA – tímarit um hönnun og arkitektúr er miðill sem eykur sýnileika íslenskrar hönnunar innanlands sem utan og eflir gildi hennar jafnt í samtíma og sögulegu samhengi. HA mótar og eflir faglega orðræðu um hönnun og arkitektúr og sýnir fjölbreytni og vægi hönnunar í margvíslegum geirum íslensks atvinnu- og menningarlífs.

HA kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Á vefsíðu útgáfunnar hadesignmag.is er birt nýtt og eldra efni í bland við áður óbirt efni og samfélagsmiðlar (facebook.com/HAdesignMag og instagram.com/hadesignmag) gegna mikilvægu hlutverki. Stefnt er að því að styrkja þessa miðla enn frekar á næstu misserum.

Allt efni HA er á tveimur tungumálum, íslensku og ensku. Tímaritið selst vel til erlendra ferðamanna og nýtist einkar vel sem kynningarrit Hönnunarmiðstöðvar Íslands á erlendri grundu. Hróður ritsins hefur aukist jafnt og þétt innanlands sem utan og fyrirspurnum erlendis frá fer fjölgandi.

HA er gefið út í samstarfi við fagfélögin níu sem eru eigendur Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Það tryggir tímaritinu um eitt þúsund áskrifendur og auglýsendum jafnframt greiðan aðgang að vel skilgreindum hópi fagmenntaðra hönnuða og arkitekta. Þetta fyrirkomulag er rekstrarlegur grundvöllur útgáfunnar. Unnið er að því að styrkja enn frekar rekstrarlegar forsendur blaðsins með því að auka auglýsingasölu og fjölga almennum áskrifendum.

Á árinu 2017 komu út tvö eintök, HA05 í maí og HA06 í nóvember. Útgáfan hefur fest sig í sessi sem ein metnaðarfullsta tímaritaútgáfa landsins þrátt fyrir þröngan kost. Útlit og einkenni HA er hannað af grafíska hönnuðinum Hrefnu Sigurðardóttur.

Ritstjóri stýrir öllum flötum útgáfunnar í samstarfi við starfsfólk Hönnunarmiðstöðvar og ritstjórn auk síbreytilegs hóps fagfólks hverju sinni, meðal annars viðmælendur, greinarhöfunda, ljósmyndara, prófarkalesara, þýðendur og teiknara.

Ritstjóri 5. tbl. var Arnar Fells Gunnarsson, grafískur hönnuður. Arnar Ingi Viðarsson, grafískur hönnuður, var aðstoðarritstjóri og sá um hönnun og uppsetningu. Í ritstjórn sátu Elísabet V. Ingvarsdóttir hönnunarsagnfræðingur, María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður og Garðar Snæbjörnsson arkitekt.

Við upphaf vinnslu 6. tbl. (01.09.17) tók María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður við ritstjórastólnum þegar Arnar Fells Gunnarsson fór í fæðingarorlof. Þá sátu í ritstjórn Elísabet V. Ingvarsdóttir hönnunarsagnfræðingur og Garðar Snæbjörnsson arkitekt. Arnar Ingi Viðarsson, grafískur hönnuður, sá um hönnun og uppsetningu.

Í kjölfar gagngerrar endurskoðunar á efnistöku og fjármálum útgáfunnar var ákveðið að undir stjórn Maríu Kristínar yrði unnið að því að auka sýnileika HA, gefa myndefni meira vægi og færa ritið nær almennum lesendum án þess að gefa eftir í faglegu tilliti. Þykir sú breyting almennt hafa tekist vel og hún hlaut góðar móttökur.

Hönnunarverðlaun Íslands 2017

Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent í fjórða sinn fimmtudaginn 9. nóvember við hátíðlega athöfn í Iðnó. Hönnunarverðlaun Íslands 2017 voru peningaverðlaun að upphæð 1.000.000 krónur, veitt af ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar. Hönnunarmiðstöð Íslands stendur að verðlaununum í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, Listaháskóla Íslands, Landsvirkjun og Samtök iðnaðarins. Hönnunarverðlaun Íslands eru mikilvæg fyrir íslenskt hönnunarsamfélag. Þótt vægi hönnunar í menningu, samfélagi og viðskiptalífi sé að aukast er mikilvægt að vekja athygli og dýpka skilning á gildi góðrar hönnunar.

Veitt voru verðlaun í tveimur flokkum, Hönnunarverðlaunum Íslands og Bestu fjárfestingu í hönnun. Yfir 100 tilnefningar bárust dómnefnd sem tilnefndi fimm verkefni sem þóttu sigurstranglegust. Verkefnið sem þótti skara framúr að mati dómnefndar og hlaut Hönnunarverðlaun Íslands 2017 er Marshall-húsið sem upphaflega var byggt árið 1948 sem síldarbræðsla og er nú nýr vettvangur lista við gömlu höfnina í Reykjavík. Arkitektarnir Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárason, eigendur arkitektastofunnar Kurt og Pí, hafa leitt hönnun verksins í samstarfi við ASK arkitekta. Í rökstuðningi dómnefndar segir: „Verkið kristallar velheppnaða umbreytingu eldra iðnaðarhúsnæðis fyrir nýtt hlutverk í samtímanum. Arkitektarnir þróuðu verkið allt frá hugmyndastigi og leiddu saman breiðan hóp til að skapa heilsteypt verk. Unnið er vel með sögu byggingar og samhengi staðar og til verður nýr áfangastaður á áhugaverðu þróunarsvæði í borginni. Verkið er gott dæmi um hvernig með aðferðum hönnunar verður til nýsköpun í borgarumhverfinu.“

Fyrirtækið sem hlaut viðurkenninguna Besta fjárfesting í hönnun 2017 er Bláa lónið sem hefur haft hönnun og arkitektúr að leiðarljósi alla tíð í þeim tilgangi að auka verðmætasköpun og samkeppnishæfni. Í rökstuðningi dómnefndar segir: „Bláa lónið hefur frá upphafi leitað samstarfs við hönnuði á öllum sviðum uppbyggingar. Hönnun er órjúfanlegur hluti af heildarmynd fyrirtækisins sem vinnur náði með framúrskarandi arkitektum og hönnuðum þvert á greinar. Þessi framsýni á svo sannarlega þátt í því að fyrirtækið hefur notið þeirrar velgengni sem raun ber vitni og átt sinn þátt í

vinsældum Íslands sem áfangastaðar. Bláa lónið er eitt besta dæmið á Íslandi um það að fjárfesting í góðri hönnun margborgar sig.“

Fjögur önnur verkefni voru í forvali dómnefndar til Hönnunarverðlauna Íslands 2017

Listahátíðin Cycle er skapandi vettvangur fyrir samtál tilraunakenndrar samtímatónlistar og myndlistar þar sem listamönnum gefst kostur á að ræða saman, gera tilraunir og læra hver af öðrum. Döðlur hönnuðu merki og heildarásýnd hátíðarinnar og sækja þar í hugmyndafræði hennar um hringrás hugmynda. Í rökstuðningi dómnefndar segir: „Heildarásýnd Cycle endurspeglar áherslur hátíðarinnar á einfaldan en tilraunakenndan hátt með aðferðafræði hennar að leiðarljósi. Döðlur nýta sér hringformið og hreyfingu sem útgangspunkt og takmarka sig í notkun lita, leturs og forma sem dregur þannig fram grunnhugmyndina og skilar stílhreinni og sterkri heildarmynd.“

REITIR WORKSHOP er alþjóðlegt samstarfsverkefni Ara Marteinsonar hönnuðar og Arnars Ómarssonar myndlistarmanns, sem stóðu fyrir þverfaglegum vinnusmiðjum í Alþýðuhúsinu á Siglufirði 2012–2016. Í kjölfarið kom út leiðarvísirinn, REITIR – TOOLS FOR COLLABORATION, sem var ritstýrt og hannaður af Sophie Haack. Þar er lesendum boðið að stela hugmyndum vinnusmiðjanna og þróa þær áfram. Í rökstuðningi dómnefndar segir: „REITIR WORKSHOP byggir á samfélagslegri staðbundinni nálgun, skapandi ferli og mikilvægi samstarfs sem eru öflug verkfæri fyrir krefjandi verkefni framtíðar. Bókin REITIR – TOOLS FOR COLLABORATION er verkfærakista skapandi, þverfaglegs samstarfs og um leið heimild um hönnun samtímans.“

Orlofshús Bandalags háskólamanna í Brekkuskógi í Bláskógabyggð voru byggð eftir hönnun PKdM árið 2015 í kjölfar samkeppni. Húsin einkennast af ríkri efniskennnd með umlykjandi landslagsmótun, hlöðnum veggjum, kolaðri timburklæðningu og grasi grónu þaki. Í rökstuðningi dómnefndar segir: „Húsin skapa mikla sérstöðu í landslagi orlofshúsanna í Brekkuskógi. Ytra byrði skapar áhugaverða ásýnd í kjarrivöxnum gróðrinum. Landslagsmótun og hlaðnir garðar móta skjólgóð og skemmtileg ytri viðverurými með fallettri tengingu við umhverfið. Skýr og einföld innri rúmisskipan og samverurými eru vel útfærð og þjóna vel tilgangi orlofshúsanna.“

Gígurinn Saxhóll er vinsæll ferðamannastaður í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Í gegnum tíðina hafði myndast slóði sem með auknum ágangi ferðamanna var kominn að þolmörkum. Landslag fékk það verkefni að hanna varanlegan stíg sem takmarkaði umgang ferðamanna við ákveðið svæði. Í rökstuðningi dómnefndar segir: „Stígurinn er gott dæmi um hvernig hlúa má á faglegan og fagurfræðilegan hátt að vinsælum ferðamannastöðum með áherslu á verndun viðkvæmrar náttúru. Tröppustígurinn er smíðaður úr svörtu stáli og látinn ryðga og samlagast þannig um leið rauðleitum tónum eldgígsins. Hönnunin er mínímalísk, smíðin fágúð og fíngerður strúktúrinn liðast á ljóðrænan hátt upp gamla farveginn.“

Dómnefnd Hönnunarverðlauna Íslands 2017 skipuðu: Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands og formaður dómnefndar / Katrín Káradóttir fatahönnuður / Magnús Hreggviðsson, grafískur hönnuður / Sigrún Birgisdóttir arkitekt / Tinna Gunnarsdóttir iðnhönnuður / Jóhanna Vigdís Arnardóttir, verkefnastjóri á menntasviði og viðskiptastjóri á framleiðslusviði Samtaka iðnaðarins.

Málþing í tengslum við Hönnunarverðlaun Íslands 2017

Í tengslum við afhendingu Hönnunarverðlauna Íslands stóð Hönnunarmiðstöð Íslands fyrir málþingi um hönnun ferðaþjónustu undir yfirskriftinni „Gætum við gert þetta svona?“ í samstarfi við Íslandsstofu,

Landsvirkjun, Listaháskóla Íslands og Samtök Iðnaðarins. Málþingið var haldið fyrir afhendingu verðlaunanna í Iðnó.

Sjö snarpir og myndrænir fyrirlestrar beindu sjónum að vægi hönnunar í framúrskarandi ferðapjónustuverkefnum, veittu innblástur og lögðu umræðugrundvöll fyrir pallborðsumræður sem fóru fram á eftir.

Stjórnandi: Þórey Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi Capacent.

Örfyrirlestrar: Kristján Örn Kjartansson, arkitekt Krads / Þráinn Hauksson landslagsarkitekt, Landslag / Ívar Björnsson, grafískur hönnuður / Steinþór Kári Kárason arkitekt, Kurt og pí / Sigurður Þórsteinsson iðnhönnuður, cco Design Group Italia / Lemke Meijer, gagnvirkur hönnuður, Gagarán / Hlín Helga Guðlaugsdóttir, hönnuður og ráðgjafi Capacent.

Umræður: Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar / Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar / Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála / Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar / Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins / Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Hönnunarsjóður 2017

Hönnunarsjóður heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og tekjustofn hans er árlegt framlag sem Alþingi ákveður í fjárlögum. Sjóðurinn var stofnaður þann 24. apríl 2013 í samræmi við ákvæði 4. gr. reglna um sjóðinn frá 13. febrúar sama ár. Sjóðurinn vinnur eftir úthlutunarreglum sem stjórn sjóðsins vann árið 2013 en þær voru staðfestar af ráðherra.

Árið 2016 var framlag til sjóðsins hækkað úr 45 í 50 milljónir króna en áður hafði hann staðið í 25 milljónum. Hönnunarmiðstöð Íslands fór áfram með umsýslu sjóðsins.

Meginhlutverk sjóðsins er að efla þekkingu, atvinnu- og verðmætasköpun á sviði hönnunar og arkitektúrs með fjárhagslegum stuðningi. Veittir eru styrkir til margvíslegra verkefna; þróunar og rannsókna, verkefna- og markaðsstarfs auk ferðastyrkja.

Á árinu bárust 160 umsóknir um almenna styrki að upphæð 355 m. kr. og 101 umsóknir um ferðastyrki. Sjóðurinn veitti 47 verkefnum ferðastyrki, upphæð 4,7 m. kr. og styrkti 30 verkefni að upphæð 37,5 m. kr.

Hæstu styrkir sem voru veittir til verkefna voru að upphæð 2 m. kr.

Fyrri úthlutun Hönnunarsjóðs 2017 fór fram á aðalfundi Hönnunarmiðstöðvar Íslands í Aðalstræti 2 þann 17. maí. Úthlutað var til 17 verkefna hönnuða og arkitekta, samtals 22 m. kr. Einnig voru veittir 15 ferðastyrkir, samanlagt 1,5 m. kr. Að þessu sinni bárust sjóðnum 72 umsóknir af öllum sviðum hönnunar en sótt var um yfir 164 m. kr.

Eftirtaldir umsækjendur og verkefni fengu styrki í maíúthlutun sjóðsins 2017:

Baldur Björnsson og Þórey Heiðarsdóttir - 500.000 kr.

Verkefnastyrkur: And Anti Matter - Áður óútgefið

Neptún Magazine - 500.000 kr. Markaðsstyrkur: Neptún Magazine stækkar

Halla Hákonardóttir og Helga Kjerúlf - 500.000 kr. Markaðsstyrkur: Usee studio

Kjartan Óskarsson - 1.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Halo Mirror

Kolbrún Vaka Helgadóttir - 1.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Heimildarmynd um HönnunarMars

GENKI Instruments - 1.000.000 kr. Markaðsstyrkur: Wave

Telma Garðarsdóttir - 1.000.000 kr. Markaðsstyrkur: MÓI

Sonja Bent og Elín Hrund Þorgeirsdóttir - 1.000.000 kr. Þróunarstyrkur: Nordic Angan – Ilmbanki íslenskra jurta, rannsóknarverkefni.

Margrét Jónsdóttir - 1.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Super black, sýning á Nordbryggen í Kaupmannahöfn.
Krot&Krass - 1.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Stúdíó Kleina
Hugdeta - 1.500.000 kr. Verkefnastyrkur: 1+1+1
Steinunn Sigurðardóttir - 2.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Haute Couture Iceland
Hildur Björk Yeoman - 2.000.000 kr. Markaðsstyrkur: Kynning og sala Hildar Yeoman í Bandaríkjunum.
Katrín Alda Rafnsdóttir - 2.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Kalda
KRADS - 2.000.000 kr. Þróunarstyrkur: Nordiske Veje
Magnea Einarsdóttir - 2.000.000 kr. Markaðsstyrkur: MAGNEA - áframhaldandi markaðssókn.
Erla Sólveig Óskarsdóttir - 2.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Mokka húsgögn.
Seinni úthlutun Hönnunarsjóðs 2017 fór fram á pallinum í Hönnunarmiðstöð Íslands, Aðalstræti 2, 17. nóvember. 88 umsóknir bárust sjóðnum um ríflega 190 m. kr. en 13 verkefni voru styrkt um samanlagt 15,5 m. kr. Einnig voru veittir 6 ferðastyrkir, samanlagt 1 m. kr.

Eftirtaldir umsækjendur og verkefni fengu styrki í nóvemberúthlutun sjóðsins 2017:

Elín Elísabet Einarsdóttir - 500000 kr. Verkefnastyrkur: Rok í Reykjavík
Hera Guðmundsdóttir - 500.000 kr. Markaðsstyrkur: Atelier Dóttir
Jóhann Lúðvík Torfason - 500.000 kr. Verkefnastyrkur: Húsin við Laugaveg
Gísli B. Björnsson - 1.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Þessi litlu form
Guðrún Theodóra Alfreðsdóttir - 1.000.000 kr. Verkefnastyrkur: From the ground up
FÓLK, Fólk Reykjavík - 1.000.000 kr. Markaðsstyrkur: Fólk Reykjavík
Sögumiðlun - 1.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Bók um Þóri Baldvinsson, arkitekt
Ýr Þrastardóttir - 1.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Heimasíða Another Creation
Rakel Garðarsdóttir - 1.500.000 kr. Verkefnastyrkur: Verandi
Urð – 1500000 kr. Markaðsstyrkur: Urð
Aníta Hirlekar - 2.000.000 kr. Verkefnastyrkur: Vetrálína Anítu Hirlekar
IHANNA HOME - 2.000.000 kr. Markaðsstyrkur: lhanna home
Tulipop - 2.000.000 kr. Markaðsstyrkur: Tulipop

Halldóra Vífilsdóttir arkitekt er formaður stjórnar Hönnunarsjóðs og skipað af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Auk þeirra sitja í stjórn þau Hlín Helga Guðlaugsdóttir, Þráinn Hauksson og Haukur Már Hauksson, skipað af Hönnunarmiðstöð, og Guðrún Inga Ingólfssdóttir, skipað af atvinnuvegaráðuneytinu.

Eftirtaldir hlutu ferðastyrk að upphæð 100.000 kr. í fjórum úthlutunum árið 2017:

Arkitektafélag Íslands | Helga Ragnhildur Mogensen | Linda Ólafsdóttir | María Kristín Jónsdóttir | Hrafnkell Birgisson | Kolbrún Þóra Löve | Hafsteinn Júlíusson (2) | Hanna Dís Whitehead | Halla Hákonardóttir (2) | Eygló Margrét Lárusdóttir | Stúdíó Eyjólfsson (3) | Arna Sigríður Mathiesen (3) | Búi Bjarnar Aðalsteinsson (1) | Björn Steinar Jóhannesson (1) | Kristín Sigurðardóttir (1) | Birta Rós Brynjólfssdóttir (1) | Ýr Jóhannsdóttir | KRON BY KRONKRON (2) | Katrín Alda Rafnsdóttir | Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir | Guðbjörg Gissurardóttir | Dagný Berglind Gísladóttir | Sif Benedicta (2) | As We Grow (2) | Hring eftir hring | Gunnar Vilhjálmsson | Harpa Einarsdóttir | Hörður Kristbjörnsson - FÍT (1/2) | Sigrún Gyldfadóttir - FÍT (1/2) | Sigurður Oddsson - FÍT (1/2) | Snæfríð Þorsteinsdóttir - FÍT (1/2) | Unnur Valdís Kristjánsdóttir | Birta Fróðadóttir | Fatahönnunarfélag Íslands (2) | Genki Instruments (4) | Takk Home (2)

Hönnunarstefna stjórnvalda 2014–2018

Í janúar 2014 samþykkti ríkisstjórn hönnunarstefnu til fimm ára, 2014–2018. Stofnaður var stúrihópur um framkvæmd stefnunnar.

Gerður var samningur um viðbótarframlag atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og Hönnunarmiðstöðvar Íslands 2016 og 2017 vegna verkefna sem lúta að framkvæmd Hönnunarstefnu 2014–2018 og eru á ábyrgð atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis.

Í viðauka þessum er lögð áhersla á eftirtalin verkefni í samræmi við áherslur í Hönnunarstefnu 2014–2018:

- Mótun og uppbygging stuðningsumhverfis fyrir hönnuði og hönnunarfyrirtæki
- Efling og hvetning til þverfaglegs samstarfs milli faghópa hönnunar og fyrirtækja þeirra
- Þróun hönnunar- og arkitektúrsamkeppna – Samstarfs- og íbrjótsverkefni – tengingar milli hönnuða og atvinnulífs
- Þróun námskeiða, vinnustofa fyrir fyrirtæki og stofnanir varðandi kaup á hönnunarvinnu

Starfs- og stuðningsumhverfi

Beita sjóðum og stuðningsumhverfi markvisst

– *Auka markvisst veg hönnunar í samkeppnissjóðum og hjá opinberum stofnunum*

Efla skilning á mikilvægi þess að auka möguleika hönnuða til þess að fá styrki úr Rannsóknasjóði, Tæknipróunarsjóði og Nýsköpunarsjóði námsmanna

– *Tryggja framtíð Hönnunarsjóðs*

Unnið var að samtali og tillögum um frekari stækkun Hönnunarsjóðs á fjárlögum 2017

– *Bæta hagrænar mælingar á sviði hönnunar á Íslandi*

Þrýsta á stjórnvöld og hvetja til að efla og bæta hagrænar mælingar á sviði hönnunar og arkitektúrs Aflla upplýsinga erlendis frá um hvernig farið er að

– *Bæta samkeppnisaðstæður fyrirtækja á sviði hönnunar á Íslandi*

Móta og byggja upp stuðningsumhverfi fyrir hönnuði og hönnunarfyrirtæki

Ráðgjöf fyrir hönnuði, fyrirtæki og stofnanir um hönnunartengd málefni

Þróun námskeiða, vinnustofa fyrir fyrirtæki og stofnanir varðandi kaup á hönnunarvinnu

Efla og hvetja til þverfaglegs samstarfs milli faghópa hönnunar og fyrirtækja þeirra

– *Efla Hönnunarmiðstöð*

Tryggja húsnæði og ásættanlegar starfsaðstæður

Kaup tækjabúnaðar og lagfæring tæknimála

Ráða starfsmann/verktaka til að sinna fjármálum

Gera verkefna- og þjónustusamninga við stofnanir, fyrirtæki og bakland Hönnunarmiðstöðvar

Auka tekjur af þjónustu og verkefnum Hönnunarmiðstöðvar

Brjóta ísinn með því að styrkja ákveðin verkefni

– *Fjölga stuðnings- og ísbrjótsverkefnum*

Kaupendastefnumót / DesignMatch stærra en áður og fleiri erlendir og íslenskir kaupendur.

Stjórnvöld gangi á undan með góðu fordæmi

– *Stjórnvöld velji íslenska hönnun sem vöru og við þróun verkefna og þjónustu*

Gerð samninga eða viljayfirlýsinga við ríki, ráðuneyti og sveitarfélög um innkaupastefnu

Samtal við utanríkisþjónustu hafið um markmiðasetningu varðandi kaup á íslenskri hönnun

Bæta upplýsingar og aðgengi að hönnuðum og vörum þeirra og þjónustu með vefsíðum og ráðgjöf

Vitundarvakning

Sýna ávinning hönnunar

– Efla kynningu á hönnun innanlands og fagkynningar hönnuða og fyrirtækja þeirra erlendis

Kynningarmál á Íslandi og erlendis; vefir, blogg, fréttabréf og samfélagsmiðlar

Vefir á íslensku og ensku: Hönnunarmiðstöð, HönnunarMars, Hönnunarverðlaun, Hönnunarsjóður, HA – tímarit um hönnun og arkitektúr

HönnunarMars 2016 er stærsta árlega kynningarverkefni hönnunar og arkitektúrs á Íslandi og erlendis DesignTalks, alþjóðlegur fyrirlestradagur á HönnunarMars, fjallar um hönnun sem leiðandi afl í nýsköpun og stjórnun. Sérstakir fundir haldnir með erlendu fyrirlesurunum og áhrifafólki úr fyrirtækjum og stjórnkerfi (ríki og borg), til að efla meðvitund um mikilvægi hönnunar sem tæki í nýsköpun, stjórnun og þróun, sérstaklega innan stjórnkerfis

HA – tímarit um hönnun og arkitektúr, umfjöllun um hönnun og arkitektúr á íslensku og ensku

Hönnunarverðlaun Íslands, árleg þverfagleg verðlaun hönnunar og arkitektúrs auk málþings. Þátttaka sigurvegara Hönnunarverðlauna tryggð í HönnunarMars

Fræðsla og kynningar, ráðstefnur, samtal, fyrirlestrar og námskeið:

SmallTalks-fyrirlestrar í Hörpu haldnir reglulega, Hönnuðir hittast haldið 10 sinnum yfir veturinn

Standa fyrir öflugum kynningarstarfi erlendis

– *Tryggja sjálfstæði fagkynninga hönnuða erlendis*

Samstarf við Íslandsstofu um erlend kynningarverkefni á sviði hönnunar. Skerpa samstarf milli Hönnunarmiðstöðvar og Íslandsstofu varðandi sýningarhald á hönnunarmessum erlendis.

– *Alþjóðlegt samstarf*

Efla samstarf við norræn, evrópsk og alþjóðleg hönnunarsamtök og systurstofnanir

Showroom Reykjavík, kynningarverkefni íslenskra fatahönnuða/frameiðenda á erlendri grundu

Feneyjarbiennallinn í arkitektúr, kynning íslensks arkitektúrs erlendis

SmallTalks 2017

SmallTalks er fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Fyrirlestraröðin hefur verið í mótun síðustu ár en umfang hennar hefur aukist töluvert og þá sér í lagi vegna breyttrar staðsetningar. Fyrri hluta árs fóru SmallTalks-fyrirlestrar fram í Kaldalóni í Hörpu en seinni hluta árs var ákveðið að færa þá yfir í Iðnó, menningarhús við Tjörnina.

Markmiðið er að halda uppi líflegri umræðu um það sem helst er að gerast á sviði hönnunar og arkitektúrs. Þar kynna hönnuðir og arkitektar verkefni sín auk þess sem málefni liðandi stundar er varða hönnuði og arkitekta eru tekin fyrir.

Fyrirlestrarnir fara yfirleitt fram fyrir fullu húsi en salur Iðnó tekur um 130 manns í sæti.

Þeir fyrirlestrar sem fóru fram á árinu eru eftirfarandi:

„Bæði og“ – Studio Grandi

Árið hófst á að skyggjast inn í hugarheim Studio Granda, arkitektastofu Margrétar Harðardóttur og Steve Christer, sem unnu fyrstu verðlaun í samkeppni um nýbyggingu á Alþingisreit. Í fyrirlestrinum var farið yfir nokkur viðfangsefni síðustu 30 ára og þau rædd frá sjónarhornum byggingarlistar, umhverfis, samfélags, menningar og skynjunar.

Þrjú ný í núinu – Studio Kleina, Alvara og Trípólí

Markmiðið með fyrirlestrinum var að draga unga og upprennandi hönnuði og arkitekta fram í sviðsljósið en þessi þrjú teymi eiga það sameiginlegt að hafa lokið BA-námi við Listaháskóla Íslands. Í fyrirlestrinum veittu þau innsýn í eigin hugarheim, sögðu frá hindrunum sem hafa orðið á vegi þeirra og töluðu um hvernig var að stíga skrefið frá skóla yfir í atvinnulíf.

Genki & Gola, því framtíðin er núna – Jón Helgi Hólmgeirsson og Shui Yi

Hér voru leiddir saman tveir hönnuðir sem eiga það sameiginlegt að vinna með nýsköpun og tækni í verkum sínum, þau Jón Helgi Hólmgeirsson, yfirhönnuður Genki Instruments, og Shui Yi samskiptahönnuður. Jón fjallaði um feril sinn sem ungur vöruhönnuður og kynnti nýjasta verkefnið, Wave, sem þróað er af tækni- og sprotafyrirtækinu Genki Instruments, á meðan Shui Yi kynnti Golu, búnað sem sýnir í rauntíma upplýsingar um veðurspá um allan heim. Gola hlaut Red Dot-verðlaunin í ár sem eru ein virtustu hönnunarverðlaun heims.

„Meira prent, minna gramm“ – Blæti, Glamour, HA, Í boði nátturunnar, Neptún Magasine og Nordic Style magazine.

Stefnumót ritstjóra helstu hönnunarrita á Íslandi þar sem framtíð og viðskiptagrundvöllur prentaðra hönnunar tímarita á Íslandi var ræddur. Hver útgáfa kynnti sína stefnu og áherslur en að því loknu fóru fram pallborðsumræður með öllum ritstjórnunum þar sem framtíð prentmiðla var rædd og fjallað um hvernig þeir þurfa að aðlaga sig að rafrænum heimi á öld netsins. Pallborðsstjóri var Atli Bollason.

Önnur verkefni ársins 2017

Málþing og vinnustofur | Sjálfbærni í norrænni hönnun

Í tilefni af sýningunni Öld barnsins: norræn hönnun fyrir börn frá 1900 til dagsins í dag í Norræna húsinu var efnt til dagskrár um norræna hönnun, sjálfbærni og þarfir framtíðar í byrjun febrúar. Norræna sýningin Öld barnsins er sprottin af Century of the Child: Growing by Design 1900–2000 sem opnaði á MoMA í New York árið 2012. Juliet Kinchin, sýningarstjóri hjá MoMA, var frummælandi á ráðstefnunni. Einnig komu fram Aidan O'Connor (Bandaríkin), sýningarstjóri og fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnumótunar hjá AIGA, hönnunarsamtaka Bandaríkjanna, Anne-Louise Sommer (Danmörk), framkvæmdastjóri Hönnunarsafns Danmerkur og fyrrverandi rektor Hönnunarháskóla Danmerkur (Danmarks Designskole), Birgitta Steingrímsdóttir og Heiðdís Inga Hilmarsdóttir (Ísland), handhafar Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands 2016, Elisabet V. Ingvarsdóttir (Ísland), hönnuður og hönnunarsagnfræðingur, Garðar Eyjólfsson (Ísland), dósent og fagstjóri BA í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands, Gréta Hlöðversdóttir (Ísland), framkvæmdastjóri As We Grow, handhafa Hönnunarverðlauna Íslands 2016, Guðni Elísson (Ísland), prófessor við Háskóla Íslands og stofnandi www.earth101.is, og Mette Sindet Hansen (Danmörk), framkvæmdastjóri stefnumótunar og samstarfs hjá INDEX: Design to Improve Life, sem ár hvert veitir hæstu peningaverðlaun í heimi á sviði hönnunar. Viðburðurinn var haldinn af Norræna húsinu í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands og Hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands.

Tölum saman | Stefnumót á milli hönnuða, arkitekta og framleiðenda

Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda, í samstarfi við Hönnunarmiðstöð og Samtök iðnaðarins, efndu til stefnumóts milli framleiðenda, hönnuða, arkitekta og annars stórskemmtilegs hugmyndafólks. Stefnumótið fór fram mánudaginn 13. febrúar í Hönnunarsafni Íslands undir handleiðslu Birgis Birgissonar hjá Driftwood hönnunarstofu.

Á aðalfundi Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda var tekin ákvörðun um að leita leiða til að efla félagið, greinina og tengslanet framleiðenda og hönnuða. Fyrsta skrefið í því er að standa fyrir stefnumótun í greininni. Dagurinn var notaður til að skapa uppbyggilegt samtal milli aðila með fróðlegum erindum og gagnlegum æfingum undir stjórn Birgis.

Félag vöru- og iðnhönnuða fyrst til að skrifa undir samning við Hönnunarmiðstöð

Félag vöru- og iðnhönnuða skrifaði, fyrst allra aðildarféлага Hönnunarmiðstöðvar Íslands, undir samning um að miðstöðin taki að sér umsýslu og þjónustu við félagsmenn. Umræður um slíkan samning hafa staðið í langan tíma enda er Hönnunarmiðstöð í eigu félaganna og tilvalinn vettvangur til að efla árangur og þjónustu og samtal við félagsmenn og samfélagið allt.

Gert er ráð fyrir að þessi samningur sé sá fyrsti af mörgum og fleiri félög munu fylgja í kjölfarið.

Samþjöppun í baklandi Hönnunarmiðstöðvar mun skila sér í mun öflugri miðstöð sem getur beitt sér betur í þágu hönnuða og arkitekta og þeirra gæða og verðmætasköpunar sem getur falist í íslenskri hönnun á sviði viðskipta, samfélags og menningar.

Markmið samningsins er að efla og skilgreina betur þjónustu Hönnunarmiðstöðvar við hönnuði og arkitekta. Unnið er að því að auka gæði og hagræði auk þess að samnýta krafta og fjármagn félaganna eins og kostur er.

Hönnunarverðlaun Reykjavík Grapevine

Hönnunarmiðstöð Íslands og The Reykjavik Grapevine hafa á síðustu árum staðið fyrir Hönnunarverðlaunum Grapevine í aðdraganda HönnunarMars. Hönnunarverðlaun Grapevine voru afhent í sjötta sinn á Oddsson, föstudaginn 17. mars. Veitt voru verðlaun í fjórum flokkum: fatahönnun ársins, vara ársins, verkefni ársins og vörulína ársins.

Dómnefnd Hönnunarverðlauna Grapevine skipuðu Sindri Páll Sigurðsson vöruhönnuður, formaður dómnefndar fyrir The Reykjavik Grapevine, Elín Hrund Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri fyrir Hönnunarmiðstöð Íslands, Rúna Thors vöruhönnuður fyrir LHÍ, Auður Karítas Ásgeirsdóttir, listrænn stjórnandi og framleiðandi hjá MAGG, og Sigríður Sigurjónsdóttir, eigandi Spark Design Space.

Vara ársins: Andlit Norðursins, sérútgáfa 2016 eftir Ragnar Axelsson og Einar Geir Ingvarsson.

Dómnefnd hlakkaði til að sjá meira frá Ground Up II Created by Theodora Alfreðsdóttir.

Vörulína ársins: 1+1+1 eftir Hugdettu, Alto+Alto og Petru Lilju. OR Type Guðmundar Úlfarssonar og Mads Freund Brunse hlaut annað sæti og dómnefnd hlakkaði til að sjá meira af Silfru frá ALÖRU.

Verkefni ársins: Agari eftir Ara Jónsson. Sýning Landsvirkjunar í Ljósafossvirkjun – Powering the future, sem Gagarin og Tvíhorf hönnuðu, hlaut annað sætið og dómnefnd hlakkaði til að sjá meira frá verkefninu Sturla Aqua eftir Sigga Odds og Sturlu Atlas.

Fatahönnun ársins: Vetrarlína Eygló 2016. Milla Snorrason hlaut annað sæti fyrir VonduGil og dómnefnd hlakkaði til að sjá meira frá Guðrúnu Helgu Kristjánsdóttur.

Ný sérverslun með íslenska hönnun í miðborginni

Akkúrat Stúdíó og Hönnunarmiðstöð Íslands hafa gert með sér samning um leigu jarðhæðar Aðalstrætis 2. Á hæðinni mun Akkúrat Stúdíó reka íslenska hönnunarverslun.

Eigendur Akkúrat Stúdíó eru Sigrún Guðný Markúsdóttir og Döðlur ehf. Sigrún Guðný Markúsdóttir er með víðtæka reynslu af hönnunar- og verslunarsviðinu. Ásamt því að hafa rekið sína eigin verslun hefur hún starfað sem verslunar og innkaupastjóri, sölustjóri, rekstrarstjóri, vörumerkjastjóri, fjármálastjóri og framkvæmdastjóri síðastliðin 25 ár.

Íslenskir hönnuðir á XpoNorth í Skotlandi

Dagana 7. og 8. júní fór XpoNorth fram í bænum Inverness í Skotlandi. Um er að ræða tveggja daga árlegan viðburð þar sem áhersla er lögð á fjölbreyttar skapandi greinar.

Í ár tóku nokkrir Íslendingar þátt í XpoNorth – Crafts, Fashion and Textiles. Sýningin SHIFT var sett upp á hátíðinni en þar er stefnt saman fjölbreyttum verkum skoskra og íslenskra samtímahönnuða sem vinna í leir, tré, eðalmálma og textíl. Þeir hittust í fyrsta sinn á HönnunarMars, skiptust á hugmyndum og byrjuðu þróunarvinnu fyrir áframhaldandi samstarfsverkefni. Þeir Íslendingar sem taka þátt í þessu samstarfi eru Agustav (Ágústa Magnúsdóttir og Gústav Jóhannsson), Arndís Jóhannsdóttir, Doppelganger (Guðrún Lárusdóttir og Ragna Fróða) og Guðný Hafsteinsdóttir.

Í tengslum við sýninguna voru pallborðsumræður undir yfirskriftinni „Shift: Scottish Icelandic Maker Collaborations“. Þátttakendur voru Hilary Grant, Guðrún Lárusdóttir (Doppelganger), Netty Sopata (Diggory Brown), Ágústa Magnúsdóttir (AGUSTAV) og Sunneva Hafsteinsdóttir (HANDVERK OG HÖNNUN) en Carol Sinclair stjórnaði umræðunum.

Einnig hélt Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, erindi, Building the Economy on Creativity á XpoNorth.

Jóladagatal Hönnunarmiðstöðvar 2017

Hönnunarmiðstöð Íslands stóð fyrir jóladagatali Hönnunarmiðstöðvar & HA en 23 íslenskar hönnunarvörur voru á jólatilboði daginn sem þær birtust á vef Hönnunarmiðstöðvar.

Fyrsti „glugginn“ var opnaður með viðhöfn í Aðventugleði Hönnunarmiðstöðvar 1. desember. Dagatalið, sem var hátt í 2 metrar á hæð, var hannað af And Anti Matter og staðsett í anddyri Hönnunarmiðstöðvar Íslands í Aðalstræti 2. Einnig var hægt að fylgjast með vefrænni útgáfu af dagatalinu á samfélagsmiðlum Hönnunarmiðstöðvar.

Alþjóðleg verkefni

Stockholm Furniture Fair | Hönnunaryvika í Stokkhólmi 9.–12. febrúar

Hönnunarmiðstöð Íslands var boðinn frír bás og þátttaka á Stockholm Furniture Fair sölumessunni í Stokkhólmi í febrúar. Þar var íslensk hönnun kynnt undir merkjum HönnunarMars, sem hlýtur að vera stærsta hönnunarhátíð í heimi, a.m.k. miðað við höfðatölu! Markmiðið var að veita gestum og gangandi innsýn í hátíðina, menninguna og þá miklu grósku sem á sér stað í hönnun á Íslandi.

Sýningarbásinn, 9 metra langur bárujárnsveggur í fimm litum, var hannaður af hönnunarteymi HAF studio, þeim Hafsteini og Karítas. Hverjum lit fylgdi lýsandi orð tengt HönnunarMars: come, see, talk, enjoy og unite. Gestir og gangandi fengu innsýn í hátíðina í gegnum gamaldags skyggnuvél, retro viewer, sem sýndi valdar myndir sem þóttu fanga stemmingu HönnunarMars. Á básnum voru sýndir munir frá íslenskum hönnuðum, Vík Þrjónsdóttur, Dögg Guðmundsdóttir, 1+1 hönnunarteyminu, OR Type, Þórunni Árnadóttur, Erlu Sólveigu, Einari Guðmundsyni, Scintilla, Angan, Katrínu Ólínu, Tönju Levý, Millu Snorrason, Nordic Angan, Float og 66 Norður. SFF er stærsti hönnunarviðburðurinn á Norðurlöndunum og laðar að 30 þúsund gesti.

Mílanó | Salone del Mobile 4.–8. apríl

Hönnunarmiðstöðin í Tékklandi leitaði eftir samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands og sótti um styrk til að halda fund miðstöðvanna tveggja á hönnunaryvikuinni í Mílanó. Styrkur fékkst fyrir þrjá aðila frá Hönnunarmiðstöð Íslands og Ólöf Rut Stefánsdóttir, kynningar- og verkefnastjóri, Brynhildur Pálsdóttir,

fulltrúi stjórnar, og Halla Helgadóttir framkvæmdastjóri fóru. Haldinn var fundur World Design Weeks Network sem framkvæmdastjóri sótti. Mikil og góð tengsl hafa skapast í gegn um WDW Network.

Wanted Design New York 18.–23. maí

Stjórnendur Wanted Design í New York heimsóttu HönnunarMars og í kjölfarið var stjórnanda HönnunarMars og framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðvar boðið að koma og taka þátt í viðburðinum og halda erindi um HönnunarMars ásamt hönnunarvikunum í Mexíko, Vancouver og Toronto.

XpoNorth 7.–9. júní

Framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðvar var boðið að halda fyrirlestur um skapandi greinar, íslenska hönnun, Hönnunarmiðstöð og HönnunarMars á ráðstefnunni XpoNorth, sem fjallar um skapandi greinar, í Inverness í Skotlandi í júní. Þar tók Halla þátt í samtali um „Building the economy on creativity“ ásamt Noru Sarasola frá Bilbao, borg sem þekkt er fyrir mikla fjárfestingu stjórnvalda í uppbyggingu skapandi greina til að snúa við hnignandi atvinnuástandi.

Blue Fashion Challenge í Færeyjum 25.–27. ágúst

Fatahönnuðirinn Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir hreppti 2. sætið í BLUE FASHION CHALLENGE, vinnusmiðju sem haldin var í Færeyjum dagana 25.–27. ágúst. Vinnusmiðjan gekk út á að vinna með sjálfbær efni úr sjónum en stefnt er að því að sýna afraksturinn á tískuvíkunni í Kaupmannahöfn 2018. Ellefu skandinavískir hönnuðir voru valdir til þátttöku, þar af tveir frá Íslandi: Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir og Milla Snorrason. Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar tók þátt í verkefninu sem dómari í samkeppninni.

Helsinki Design Week 13.–17. september

Hönnunarmiðstöð Íslands tók þátt í hönnunarvikunni í Helsinki og kynnti þar íslenska hönnun og næsta HönnunarMars en hátíðin fagnaði 10 ára afmæli 15.–18. mars 2018. Undir hatti HönnunarMars var haldinn viðburður í hönnunarversluninni TRE (<https://www.worldoftre.com>) þann 14. september, sem upphitun fyrir tíu ára afmælið.

Markmiðið var að vekja athygli á 10 íslenskum hönnunarvörum (ein fyrir hvert afmælisár). Vörurnar 10 voru vandlega valdar og þeim stillt upp saman í versluninni. Gestir áttu jafnframt möguleika á að vinna sína uppáhalds vöru í „afmælisgjöf“ í gegnum Instagram-leik sem fór fram á staðnum með því að ljósmynda þá vöru og pósta með viðeigandi myllumerki. Vörurnar fengu þar með kynningu fyrir gesti og gangandi í glæsilegri hönnunarverslun í Helsinki og voru til sýnis í TRE á meðan á HDW stóð og á netinu.

Íslenska sendiráðið í Helsinki og Hönnunarmiðstöð tóku saman þátt í viðburðinum Design Diplomacy sem haldinn er á vegum Helsinki Design Week og snýst um samtal á milli hönnuðar/arkitekts frá Íslandi og Finnlandi. Helgi Steinar Helgason, formaður AÍ arkitektafélagsins, mætti þar finnska arkitektinum Hilla Rudanko í mjög áhugaverðu samtali um arkitektúr og hlutverk hans í mótun manngerðs umhverfis og uppbyggingu samfélags.

Nordic Design Resource

Hönnunarmiðstöð Íslands er þáttakandi í samnorræna rannsóknarverkefninu Nordic Design Resource. Að því standa Dansk Design Centre, DOGA – Design og Arkitektur Norge, Design Forum Finland og SVID – Stiftelsen Svensk Industridesign og áætlað er að niðurstöður liggi fyrir haustið 2018. Hönnunarmiðstöð hefur fengið Rögnu Margréti Guðmundsdóttur, meistaranema í nýsköpun og viðskiptapróun við Háskóla Íslands, til að halda utan um og vinna rannsóknina.

Markmið verkefnisins er að kortleggja auðlindir hönnunar á Norðurlöndunum. Niðurstöður rannsóknarinnar verða settar fram með aðgengilegum hætti fyrir notendur og munu stórbæta aðgengi að norrænni hönnun á alþjóðavettvangi. Úr niðurstöðum verkefnisins verða búin til tæki sem auðvelda kaupendum, fyrirtækjum og fjárfestum að staðsetja þau fjölbreyttu tækifæri sem auðlindir hönnunar hafa upp á að bjóða. Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar og Ragna Margrét sóttu fund í Dansk Design Centre 8.–10. október þar sem samstarfsaðilar hittust í fyrsta sinn.

Dutch Design Week, Eindhoven 19.–23. október

Fulltrúar HönnunarMars, Sara Jónsdóttir stjórnandi og Ólöf Rut Stefánsdóttir kynningar- og verkefnastjóri, heimsóttu hollensku hönnunarvikuna ásamt Elínu Hrund Þorgeirsdóttur til að kynna sér hátíðina og taka þátt í verkefni um mat og matarsóun.

IDS Interior Design Show, Vancouver 27.–30. september

Stjórnendur IDS Vancouver buðu framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðvar að koma og taka þátt í viðburðinum og halda erindi um HönnunarMars ásamt hönnunarvikunum í New York og Toronto.

Fjármál / nýr samingur um rekstur Hönnunarmiðstöðvar Íslands 2018

Komið var að endurnýjun samnings um rekstur Hönnunarmiðstöðvar við ráðuneyti atvinnu- og nýsköpunar og mennta- og menningarmála á árinu 2017. Mikil vinna var lögð í að undirbúa gögn, tölur og eiga samtál við ráðherra og stjórnvöld með það að markmiði að eiga samtál um framtíð Hönnunarmiðstöðvar og um leið vinna að nýjum og betri samning um rekstur miðstöðvarinnar til lengri tíma en áður.

Hönnunarmiðstöð Íslands hefur hvatt ráðuneyti til samstöðu um aukinn stuðning við málefni hönnunar og arkitektúrs á Íslandi. Greinarnar tilheyra báðum ráðuneytum og þau bera ábyrgð gagnvart þeim. Um áramótin 2017–2018 stóð Hönnunarmiðstöð á krossgötum; tímabili kreppu var lokið, mikil uppbygging var búin að eiga sér stað og ákvarðanir stjórnvalda mundu skera úr hvort fjárfestingin næði að bera ávöxt og blómstra eða grunnur starfseminnar reyndist svo veikur að ekki yrði haldið áfram. Erfitt er að skera af því sem lítið er, því með hverri krónu sem við skerum hverfa hinar ein til tvær sem við öflum sjálf.

Stjórnendur Hönnunarmiðstöðvar Íslands fara þess á leit við stjórnvöld við endurgerð samnings um rekstur miðstöðvarinnar að sú mikla uppbygging og einstaki árangur sem náðst hefur á undanförunum árum verði viðurkenndur, horft verði til framtíðar og styrkari stöðum rennt undir verkefnið.

Hvað ætlum við að gera?

Vera hreyfiafl til breytinga

- vekja athygli á tækifærum og framúrskarandi verkefnum
- úta undir nýsköpun og þróun á sviði hönnunar og arkitektúrs
- efla og styrkja menntun í hönnun og arkitektúr á öllum skólastigum

Efla samstarf

- tengja saman hönnuði og fyrirtæki
- efla samstarf þvert á greinar
- byggja brýr á milli Íslands og annarra landa

Stuðla að verðmætasköpun

- fjölga störfum fyrir ungt fólk
- fjölga litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem byggja á hönnun og hugviti
- auka útflutning, efnislegan og óefnislegan

Hvers vegna?

- verðmæti framtíðar munu byggja á hönnun, hugviti og tækni
- atvinnulífið þarf að vera tilbúið að taka á móti ungu fólki sem vill vinna í skapandi störfum
- Ísland er á eftir öðrum þjóðum í þessari þróun en við erum fljót að tileinka okkur nýjar aðferðir

Hvernig?

Hönnunarmiðstöð á mörg verkefni og öflug tæki til framþróunar og verðmætasköpunar sem auðvelt er að efla og byggja ofan á [HönnunarMars, Hönnunarverðlaun, Hönnunarsjóður, Hönnunarstefna, HA – tímarit, ýmis samstarfs- og kynningarverkefni auk alþjóðlegra verkefna eins og WE LIVE HERE]

- nýta fjárfestingu sem lögð hefur verið í verkefnin
- hraða og tryggja árangur með fjármagni

Hvað kostar þetta?

- Rekstrarfé Hönnunarmiðstöðvar verði aukið úr 30 m. kr. í 50 m. kr.
- Hönnunarmiðstöð verði tryggt 50 m. kr. verkefnafé, þar af 15 m. kr. sérmerktar alþjóðlegum verkefnum
- Hönnunarmiðstöð afli 100–150 m. kr. í gegnum eigin verkefni, samstarf og samninga við atvinnulífið og erlend samstarfsverkefni.
- Hönnunarstefna verði greind með tilliti til kostnaðar
- Hönnunarsjóður verði efldur næstu 5 ár um 20 m. kr. á ári þar til sjóðurinn hefur 200 m. kr. til ráðstöfunar

Hvað segir atvinnulífið?

„Uppbygging og árangur Bláa lónsins byggir á hönnun, arkitektúr, hugviti, framsýni og nýsköpun í ferðaþjónustu. Til að íslenskt atvinnulíf standist kröfur og verði samkeppnishæft til lengri tíma þarf að huga að þessum áherslum. Þar hefur Hönnunarmiðstöð Íslands mikilvægu hlutverki að gegna.“

Grímur Sæmundsen, Bláa lónið

„Hönnunarmiðstöð hefur byggt ómetanlegar brúyr fyrir okkur yfir til meginlandanna með tengslaneti sínu, hönnunarhátíðum, ráðstefnum og ráðgjöf. Eftir margra ára einangrun hefur íslensk hönnun loks komist á kortið og mikilvægt að við varðveitum þann árangur.“

Innanlands hefur Hönnunarmiðstöð verið lykilaðili í að koma á samstarfi hönnuða og atvinnulífs auk samstarfs hönnuða innan ólíka greina. Miðstöðin hefur þannig verið vettvangur fyrir öflugt samtal og samstarf þar sem aðilar hafa deilt reynslu sinni og fetað nýjar slóðir.“

Hringur Hafsteinsson, Gagarán

„Hönnunarmiðstöð Íslands er mikilvægt hreyfiafl sem hefur nú þegar haft gríðarlega mikil áhrif á uppbyggingu einnar mikilvægustu framtíðarstoðar íslensks efnahagslífs, skapandi greina.“

Bjarney Harðardóttir, 66° Norður

„Eftir áratugastarf við hönnun og hönnunarráðgjöf hjá erlendum stórfyrirtækjum er ánægjulegt að sjá að áherslur á Íslandi eru að breytast. Hönnun, hugvit og nýsköpun njóta vaxandi virðingar og ný fyrirtæki spretta upp þar sem ungt fólk haslar sér völl. Hönnunarmiðstöð Íslands og verkefnin sem hún stendur

fyrir hafa skipt sköpum í þeirri vitundarvakningu sem hefur átt sér stað á sviði hönnunar á Íslandi undanfarin ár.“

Sigurður Þorsteinsson, Design Group Italia

„Hönnunarmiðstöð er mikilvægur málsvari og jafnframt miðlægt kynningarafli íslenskrar hönnunar. Það er vor í íslenskri hönnun um þessar mundir og því sérlega mikilvægt að stofnun sem Hönnunarmiðstöð geti starfað og nýst íslenskum hönnuðum og hönnunarfyrirtækjum á breiðum grundvelli, jafnt til kynningar og ráðgjafar.“

Bergþóra og Jól, Farmers Market

Niðurstaða rekstrar 2017

Nánari upplýsingar í ársskýrslu Hönnunarmiðstöðvar 2017

Hönnunarmiðstöð Íslands 2017

Tekjur	2017
Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti	20.000.000
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	10.000.000
Vegna hönnunarstefnu atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti	15.000.000
Aðalstræti 2	12.800.000
HönnunarMars	18.000.000
HönnunarMars Reykjavíkurborg	10.000.000
HA - tímarit um hönnun og arkitektúr	12.400.000
Hönnunarverðlaun	3.900.000
Hönnunarsjóður	2.900.000
Alþjóðleg verkefni	2.800.000
Aðrar tekjur	6.000.000
Samtals tekjur	113.800.000

Gjöld	
Laun og launatengd gjöld	51.500.000
Rekstrarkostnaður	11.300.000
Aðalstræti 2	15.800.000
HönnunarMars	19.800.000
HA - tímarit um hönnun og arkitektúr	12.200.000
Hönnunarverðlaun	2.000.000
Hönnunarsjóður	200.000
Alþjóðleg verkefni	2.200.000
Annar kostnaður	200.000
	115.200.000

Niðurstaða rekstrar -1.400.000

Rekstraráætlun 2018

Hönnunarmiðstöð Íslands 2018 - Áætlun

Tekjur	2018
Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti	20.000.000
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	10.000.000
Vegna hönnunarstefnu atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti	15.000.000
Samningar við félag hönnuða	5.000.000
Verkefnatekjur	75.400.000
Samtals tekjur	125.400.000
Gjöld	
Laun og launatengd gjöld	37.400.000
Rekstrarkostnaður	11.300.000
Verkefnagjöld	75.200.000
	123.900.000
Niðurstaða rekstrar	1.500.000

Verkefnaáætlun ársins 2018

HönnunarMars 2018

HönnunarMars fagnar tíu ára afmæli dagana 15.–18. mars 2018. HönnunarMars er stærsta kynningarafli íslenskrar hönnunar hér á landi og erlendis. Frá upphafi hefur dagskrá hátíðarinnar byggst á víðtækri þátttöku íslenskra hönnuða og fyrirtækja á sviðinu, sem standa fyrir sýningum, innsetningum og viðburðum ein síns liðs eða í hópum. Á hátíðinni sameinast allar greinar hönnunar; fatahönnun, arkitektúr, húsgagna- og innanhússhönnun, grafísk hönnun og vöruhönnun. HönnunarMars er hátíð þar sem almenningur hefur greiðan aðgang að íslenskrari hönnun, fjölmiðlar finna áhugavert efni, hagsmunaaðilar sjá ástæðu til að kynna sér málið nánar og hönnuðir svala forvitni og fræðast.

HA – tímarit um hönnun og arkitektúr

HA hefur komið úr tvisvar á ári frá 2015 og mælst vel fyrir enda blað með nýjar áherslur hér á landi og þótt víðar væri leitað. Unnið er áfram að því að styrkja innviði, efla tekjur, auka dreifingu og fjölga áskrifendum HA hérlandis sem erlendis.

Hönnunarverðlaun 2018

Hönnunarmiðstöð Íslands mun standa fyrir Hönnunarverðlaunum Íslands í fimmta sinn í október 2018. Hönnunarverðlaunin eru peningaverðlaun sem veitt eru fyrir framúrskarandi verk sem getur verið úr öllum greinum hönnunar og arkitektúrs. Einnig er valið fyrirtæki sem fjárfest hefur með framúrskarandi hætti í hönnun eða arkitektúr. Málþing um brúnt efni á sviðinu er haldið í tengslum við afhendingu verðlaunanna.

Hönnunarsjóður

Framlag til Hönnunarsjóðs er 50 milljónir árið 2018. Sjóðurinn er í umsjón atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Unnið verður að því að sannfæra ráðuneyti mennta- og menningar um mikilvægi þess að leggja jafnháa upphæð til sjóðsins.

Hönnunarstefna stjórnvalda

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið stendur fyrir endurskoðun hönnunarstefnu, sem samþykkt var 2014 og var í gildi til 2018, í breiðu samstarfi við hagaðila. Ráðgjafar Capacent stýra verkefninu.

SmallTalks

Haldið verður áfram með fyrirlestraröðina SmallTalks sem hefur fest sig í sessi. Fyrirlestrarnir höfðu til breiðs hóps en fjöldi manns sækir þessa fyrirlestra á ári hverju. Stefnt er að því að halda 4–6 fyrirlestra á ári þar sem innlendir og erlendir fyrirlesarar fjalla um ólíkar hliðar hönnunar og arkitektúrs.

Aðalstræti 2

Rekstur Hönnunarmiðstöðvar í Aðalstræti 2 er hvort tveggja áskorun og tækifæri. Unnið er að því að fá Reykjavíkurborg og Reiti til að vinna að endurbótum á húsnæðinu svo það þjóni betur markmiðum.

Hagnýt námskeið fyrir hönnuði

Unnið er að því að koma á fót reglulegum námskeiðum fyrir hönnuði um efni, framleiðslu, markaðssetningu, samskipti við fjölmiðla, útflutning o.s.frv. Einnig eru í bígerð námskeið fyrir nýútskrifaða hönnuði. Fjárskortur hamlar enn framkvæmd þessa verkefnis.

Ráðgjöf

Mikil þörf og eftirspurn er eftir ráðgjöf í Hönnunarmiðstöð. Unnið er að því að finna leiðir til að efla hana en skortur á starfsfólki og fjármagni hamlar því enn.

Aukið samstarf milli félaga og fyrirtækja, hönnuða og arkitekta

Mikil samlegð hefur skapast af samstarfi félaganna í Hönnunarmiðstöð. Vonir standa til að vinna við samning / samkomulag um greiðslur félaganna til Hönnunarmiðstöðvar klárist á árinu. Einnig er í bígerð að tryggja aðkomu hönnunarfyrirtækja að Hönnunarmiðstöð.

Feneyjatvíæringurinn í arkitektúr

Arkitektafélag Íslands vinnur að því að tryggja þátttöku Íslands í Feneyjatvíæringnum í arkitektúr með stuðningi Hönnunarmiðstöðvar.

Kynningarefni um hönnun og arkitektúr

Unnið er að því að efla og bæta kynningarefni Hönnunarmiðstöðvar á íslensku jafnt sem ensku. Gert verður átak í því á árinu en skortur á starfsfólki og fjármagni hamlar því verkefni.

Endurmörkun og endurgerð vefja Hönnunarmiðstöðvar

Brýnt er að hanna og endurgera vefi Hönnunarmiðstöðvar á íslensku og ensku. Verkið hefur dregist úr hófi og reynst flóknara og dýrara en áætlað var í upphafi. Skortur á starfsfólki og fjármagni hamlar því.

Taste of Iceland með Iceland Naturally og Íslandsstofu

Í tilefni af tíu ára afmæli HönnunarMars hefur Hönnunarmiðstöð verið boðið að taka þátt í kynningarverkefninu Taste of Iceland sem Iceland Naturally og Íslandsstofa standa fyrir í nokkrum borgum í Bandaríkjunum og Kanada á hverju ári. Haldin verða erindi um íslenska hönnun og arkitektúr í nokkrum borgum, Boston, Chicago, New York, Seattle og Toronto á árinu 2018.

Nordic Design Resource

Hönnunarmiðstöð Íslands er aðili að samnorræna rannsóknarverkefninu Nordic Design Resource. Að verkefninu standa Dansk Design Centre, DOGA – Design og Arkitektur Norge, Design Forum Finland og SVID – Stiftelsen Svensk Industriedesign en áætlað er að niðurstöður liggi fyrir haustið 2018.

FORMEX hönnunarsýning í Stokkhólmi 17.–19. janúar 2018

Hönnunarmiðstöð Íslands og sendiráð Íslands í Stokkhólmi standa sameiginlega að því að tryggja þátttöku íslenskra hönnunarfyrirtækja í sölusýningunni Formex í Stokkhólmi. Sýningin er ein sú stærsta á sviði vöruhönnunar, smávöru og innanhússmuna á Norðurlöndunum. Þar sýna 950 aðilar vörur sínar 850 fulltrúum fjölmiðla og 23.000 kaupendum og fagfólki. Skipuleggjendur Formex buðu íslenskum hönnunarfyrirtækjum að vera sérstakir gestir sýningarinnar í janúar 2018.

Hönnunarvikan í Stokkhólmi 7.–11. febrúar 2018

Síðastliðin 10 ár hefur APLACE í Stokkhólmi gert skandinavískri hönnun hátt undir höfði en á Stockholm Design Week var sett upp sýning á íslenskum hönnunarvörum. Vörurnar voru valdar í kjölfar heimsóknar eiganda APLACE á HönnunarMars 2017 en sýningin er haldin í tilefni af 10 ára afmæli HönnunarMars! Þessar vörur voru sýndar: Fuzzy, Urð, Pyropet, Norðursalt, Nordic Angan og HA ásamt vörum frá Sunnu Sigfríðardóttur, Döðlum, Guðnýju Hafsteinsdóttur, Anítu Hirlekar, Hildi Yeoman, Twin Within, Nóa Siríus, 1+1+1, Rögnu Ragnarsdóttur, Vík Þrjónsdóttur, Viktori Weissshappel og Bjarna Helgasyni.

3 days of design í Kaupmannahöfn 24.–26. maí 2018

Í tilefni af aldarafmæli fullveldisins stendur Hönnunarmiðstöð Íslands og sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn fyrir tveimur íslenskum hönnunarsýningum á hönnunarviðburðinum 3 days of design sem fram fer í Kaupmannahöfn 24.–26. maí. Annars vegar er það sýningin Fáni fyrir nýja þjóð, sem opnar í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn á Bryggen 23. maí og stendur fram í september, og hins vegar sýningin Illums Bolighus x Icelandic Design þar sem 15 íslenskir sýnendur taka þátt: FÓLK, Erla Sólveig Óskarsdóttir, AGUSTAV, Ragna Ragnarsdóttir, MARÝ, Bjarni Sigurdsson Ceramics, SKATA, Dögg Design, Berlinord, ANNA THORUNN, Fuzzy, FÆRID, Bryndís Bolladóttir, Þórunn Árnadóttir og Kjartan Óskarsson.

Hönnunarvikan í Helsinki 10.–13. september 2018

Þátttaka í hönnunarvikunni í Helsinki er í skoðun en vegna stöðu fjármála er ólíklegt að hægt verði að tryggja þátttöku. Íslenska sendiráðið í Helsinki og Hönnunarmiðstöð munu taka þátt í viðburðinum Design Diplomacy eins og undanfarin tvö ár. Design Diplomacy er haldið á vegum Helsinki Design Week og snýst um samtal á milli hönnuðar/arkitekts frá Íslandi og Finnlandi. Einnig mun íslenskur hönnuður taka þátt í verkefninu Social Innovations and Design in the Nordics.

London Design Fair 20.–23. september 2018 – þátttaka í skoðun.

Dutch Design Week, Eindhoven 20.–28. október – þátttaka í skoðun.